



270. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 23. júní 2011 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Á. Hannesson, LÁH
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Helga Guðmundsdóttir, varamaður HG
Elín Guðrún Pálsdóttir, varamaður EGP
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 475, dags. 06.06.2011.

Fundargerð framlögð.

Liður 4 fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 25.05.2011 (141. fundur).

Fundargerð framlögð, liður 2 samþykkt að hækka skólagjöld Tónlistarskóla Stykkishólms um 10% fyrir börn og unglinga, en um 30% fyrir fullorðna 20 ára og eldri, skólaárið 2011-2012, samkvæmt tillögu stjórnar skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Erindi til kynningar.

Liður 10 bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 01.06.2011 varðandi öryggi á sundstöðum.

Framlagt. Bæjarstjóra falið að sækja um undanþágu um vaktafyrirkomulag í sundlaug.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: DS og GS

Erindi til afgreiðslu/umsagnir.



Lárus vék af fundi og Elín kom inn á fund. Gretar annar varaforseti tók við stjórnun fundarins.

Liður 26 bréf Hesteigendafélags Stykkishólms dags. 13.05.2011 varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi eða aðalskipulag vegna reiðvegs.
Samþykkt að vísa bréfinu til skipulag- og byggingarnefndar til frekari athugunar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 27 bréf Hesteigendafélags Stykkishólms, dags. 28.04.2011 varðandi ósk um yfirtöku Stykkishólmsbæjar á fráveitu við hesthús.
Samþykkt að yfirtaka fráveitu við hesthús. Kostnaðarmat við yfirtöku fráveitu við hesthús liggja fyrir á næsta bæjarstjórnarfundum. Kostnaðarmat er á bilinu 1.042.193 til 1.401.126 kr.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GS, HG, DS og GDP

Liður 28 bréf Hesteigendafélags Stykkishólms, dags. 28.04.2011 varðandi ósk um styrk vegna fasteignagjalda í Fákaborg.

Samþykkt að veita Hesteigendafélagi Stykkishólms styrk að upphæð kr. 40.930.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Elín vék af fundi og Lárus kom aftur inn á fund og tók við fundarstjórn.

Liður 30 bréf Grundarfjarðarbæjar, dags. 23.05.2011 varðandi sameiginlegar innkaupareglur.

Samþykkt að skoða málið á næsta samstarfsfundum sveitarfélagana.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP og GS

Liður 31 bréf Fiskistofu, dags. 19.05.2011 varðandi beiðni um umsögn á rekstrarleyfi Íslenskarar Bláskeljar ehf. til ræktunar á krækling í Breiðafirði.
Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við veitingu á rekstrarleyfi til Íslenskarar Bláskeljar ehf.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP

Liður 32 bréf Icefitness ehf., dags. maí 2011 varðandi umsókn um styrk vegna Skólahreysti 2011.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 33 bréf S.Á.Á., dags. maí 2011 varðandi álfasölu.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Egill sat hjá vegna tengsla við formann S.Á.Á.

Liður 34 umsókn Daða Heiðars Sigurþórssonar, dags. 30.05.2011 varðandi launalaust námsleyfi.

Samþykkt að veita Daða Heiðari Sigurþórssyni launalaust námsleyfi í eitt ár frá 1. september 2011.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: ÍHS, GDP, LÁH og GS

Liður 35 tölvupóstur dags. 28.05.2011 varðandi styrkumsókn til Markaðsstofu Vesturlands.

Samþykkt að veita styrk að upphæð 218.000 kr.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 36 bréf umhverfisráðuneytis, dags. 30.05.2011 varðandi gerð nýrrar byggingarreglugerðar.

Samþykkt að fela byggingafulltrúa að rýna drög að gerð nýrrar byggingarreglugerðar og vísa erindinu til skipulags- og bygginganefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 37 tillaga að gjaldskrá Gámasvæðis við Snoppu.

Byggingafulltrúi leggur til að:

- Verð á gámasvæðinu nýja verði kr. 1000- á mánuði fyrir lítinn gám og kr. 1500 fyrir stóran gám fram að áramótum.
- Og endurskoða síðan gjaldskrána í heild sinni á báðum svæðunum og breyta henni við áramót.
- Gjald yrði innheimt að áramótum. Þannig að sá sem leigir stæði fyrir gám í júlí borgi þá fyrirfram að áramótum.
- Og gott væri þá að upplýsa þá sem leigja að leigugjaldið er svona núna en komi til með að breytast frá áramótum.

Tillaga byggingafulltrúa samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP, DS, LÁH og ÍHS



Samningar/tilboð

Liður 38 samningur á milli Brunavarna Stykkishólms og nágrennis og Eldstoða ehf. um eldvarnaeftirlit (2011-2013).

Samþykkt að ganga til samninga við Eldstoðir ehf.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:GS og LÁH

Liður 39 samningur milli Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla og Stykkishólmsbæjar vegna skráninga mynda í Ljósmyndasafni Stykkishólms.
Samningur framlagður og samþykktur.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

- 2.1. Fundargerð FSH ehf., dags. 06.06.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.2. Fundargerð nefndar um málefni fatlaðra, dags. 30.05.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.3. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 26.05.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.4. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 25.05.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.5. Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 11.05.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.6. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags. 03.05.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.7. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 26.04.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku:ÍHS,HG,DS og GS

3. Kosningar skv. 15. og 16. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 325/2001 (með breytingum 375/2006 og 115/2007).

Til eins árs:

- a) Forseti bæjarstjórnar
Lárus Ástmar Hannesson



- b) Fyrsti varaforseti
Berglind Axelsdóttir
- c) Annar varaforseti
Gretar D. Pálsson
- d) Tveir skrifarar og tveir skrifarar til vara
Aðalfulltrúar:
Davíð Sveinsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Varafulltrúar:
Egill Egilsson
Guðlaug Ágústsdóttir

4. Kosningar skv. 57. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 325/2001 (með breytingum 375/2006 og 115/2007).

A. Til eins árs:

Aðalfulltrúar

Bæjarráð

Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Varafulltrúar

Egill Egilsson
Lárus Á. Hannesson
Guðlaug Ágústsdóttir

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Egill Egilsson
Lárus Á. Hannesson
Guðlaug Ágústsdóttir

**Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 17:45
Þór Örn Jónsson**